



Ársskýrsla

Fimleikasambands

Íslands

2012

Lögð fram á ársþingi 4. maí 2013



Skýrsla 2012

1. Ávarp formanns.....	8
2. Skýrsla stjórnar	9
3. Fimleikafólk ársins 2012	14
4. Helstu afrek fimleikafólks 2012	15
5. Innland og erlend mót, fundir og sýningar.....	16
6. Skýrsla fræðslunefndar.....	19
7. Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla	21
7.1 Skýrsla Hlífar Þorgeirsdóttir UEG-TC-GfA.....	23
8. Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum	26
9. Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum.....	29
10. Skýrsla tækninefndar í hóp fimleikum	31
11. Skýrsla verkefnastjóra í áhaldafimleikum.....	33
11.1 Bakgrunnur	33
11.2 Úrvalshópar.....	34
11.3 Þjálfarar og aðstaða	34
11.4 Þátttaka í erlendum mótum	34
11.5 Önnur þjálfun og kennsla	34
11.6 Styrkir og fjáröflun.....	34
11.7 Heilbrigðismál.....	35
13. Skýrsla verkefnastjóra í hóp fimleikum.....	36
13.1 Inngangur	36
13.2 Myndun úrvalshópana.....	36
13.2.1 Myndun landsliðss hópana	39
13.3 Sjúkraþjálfari og fararstjóri	40
13.4 Fjölmíðlar	41
13.5 Ásýnd og umgjörð liðana.....	41
13.6 Það sem betur má fara	43
13.7 Hamingjuóskir	43
13.8 Þakkir.....	44

13.9 Lokaorð	45
14. Yfirlit – ýmsar upplýsingar	46
14.1 Heiðursviðurkenningar	46
14.2 Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum	49
14.3 Íslandsmeistarar í hópfimleikum	50
14.4 Formenn FSÍ	50
14.5 Fimleikamenn ársins	51
14.7 Landsliðskeppendur FSÍ í hópfimleikum 2012	53
14.8 Landsliðskeppendur FSÍ í áhaldafimleikum 2012	54
15. Ársreikningur 2012	55

1. Ávarp formanns

Hugurinn leitar aftur, þegar minnst er þess óeigingjarna starfs sem unnið hefur verið í fimleikahreyfingunni á umliðnum árum. Fimleikahreyfingin stendur á sterkum stöðum sem byggðar hafa verið upp til margra ára, af sjálfböðaliðum, í aðildarfélögum og innan fimleikasambandsins. Þið eigið þakkir skildar. Þessar stöðir eru nægilega styrkar til að hægt sé að byggja ofan á og finna um leið leiðir til að horfa fram á veginn. Mannauðinn og kraftinn í fimleikahreyfingunni má m.a. finna í verðskuldaðri athygli erlendis. Til vitnis um það, hefur okkur verið treyst til þess að halda Evrópumót í fimleikum árið 2014.

Fimleikahreyfingin okkar er stór á íslenskan mælikvarða, hún er líka stór á mælikvarða erlendra fimleikahreyfinga. Það kemur hvað best fram í viðtækri þátttöku barna og ungmenna á Íslandi sem stunda fimleika. Þannig hefur hún átt þátt í uppeldi, menntun og þroska æskunnar. Á vettvangi félaganna er unnið merkilegt forvarnarstarf, enda hefur verið sýnt fram á að ungmenni sem stunda íþróttir verða síður fíkniefnum og annarri áhættuhegðun að bráð.

Þannig er fimleikahreyfingin í vaxandi mæli fulltrúi Íslands á alþjóðavettvangi. Við eigum keppendur sem skara framúr og eru með því öflugar fyrirmyndir, sem bera hróður okkur víða. Aldrei fyrr hafa jafn margir fylgst með og dáðst að íslensku fimleikafólki. Evrópumótið í hóp fimleikum 2012 var stærsta einstaka landsliðsverkefni sem Fimleikasamband Íslands hefur ráðist í. Ljóst er að sá árangur sem náðist á Evrópumótinu er samspil margra þátta; góðra íþróttamanna, góðs undirbúnings, frábærra þjálfara en ekki síst gríðarlega mikillar samvinnu allra sem koma að málinu. Segja má með góðri samvisku að margra ára vinna allra aðildarfélaga sem komið hafa að uppbyggingu fimleika á Íslandi hafi alið af sér þennan frábæra árangur, sem skilaði þjóðinni allri ánægju, stolti og gleði.

Það er vandaverk að veita slíkri hreyfingu forystu og leiðsögn, en FSÍ hefur notið þess að hafa í sínum röðum úrvalssveit fólks sem með fórnfúsu starfi hefur leitt samtökin inn á nýjar brautir og lagað íþróttaiðkun að breyttum tímum. Íþróttastarf er ekki aðeins vettvangur keppni heldur líka vaxandi þáttur í heilbrigðiskerfi og lífsgæðum samfélagsins.

Ég vil þakka stjórnarmönnum FSÍ, starfsfólki FSÍ, öllum nefndarmönnum FSÍ, stjórnarmönnum í Afrekssjóði FSÍ, sjálfböðaliðum félaga á mótum sambandsins, stjórnun aðildarfélaga/deilda, starfsmönnum og öðrum þeim sem hafa komið að mótum sambandsins eða viðburðum fyrir frábær störf á árinu. En ekki síst vil ég þakka samstarfsaðilum sambandsins: TM, Arionbanka, Milanó og Fimleikum ehf fyrir stuðning í verki. Án þessara aðila væri Fimleikasambandið ekki sú fjöldahreyfing sem hún er.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
Formaður

2. Skýrsla stjórnar

Stjórn FSÍ og starfsfólk

Á ársþingi 2012 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir Formaður,
Aðrir stjórnarmenn eru Arnar Ólafsson, Einar Ólafsson, Friðbjörn Möller og Jósef Húnfjörð.

Stjórn sambandsins hefur haft þá bjargfasta trú að tími þeirra og vinna sé vel varið, allir þeir sem tóku sæti í stjórn FSÍ á síðasta kjörtímabili gefa áfram kost á sér til setu eitt ár til viðbótar, nema Friðbjörn sem lætur af störfum vegna anna. En eins og flestir átta sig á þá fer gríðarlegur tími í sjálfbærðastarfi sem þetta og er það því alls ekki sjálfgefið að allir getir gefið sér tíma til að sinna störfum sem þessum.

Stjórn hélt 19 fundi á árinu auk þess að hittast í smærri hópum við vinnu að eintökum málefnum. Auk stjórnarmanna, sátu fulltrúar eftirfarandi nefnda sem áheyrnafulltrúar með fullt málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi tækninefndar kvenna, fulltrúi tækninefndar karla, fulltrúi tækninefndar hópímleika og fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla.

Meðal þeirra verkefna sem stjórn hefur lagt í til viðbótar umsókn um að halda Evrópumót í hópímleikum 2014 sem innsiglað var 24. apríl 2013 með undirskrift formanns FSÍ og forseta UEG. Samningi við Reykjavíkurborg um að mótið verði haldið hér á landi, og samningi við Ríkisútvarpið sjónvarp um sýningar frá fimleikamótum næstu þrjú árin.

Gerð var stórfelld endurskipulagning á landsliðsmálum sambandsins. Endurskipulagningin felst í fyrsta lagi í því að nýfengin og mjög góð reynsla sambandsins af ráðningu verkefnastjóra landsliða verður vinnulag til framtíðar. Þann 1. desember réð Fimleikasambandið „sviðsstjóra landsliðsmála“ en hlutverk hans er að samræma utanumhald allra fimleikalandsliða og stuðla þannig að jafnræði milli landsliðsfólks. Sviðsstjóri skal einnig skapa vettvang fyrir umfjöllun um fimleikafólk í fjölmiðlum og búa þannig um hnútana að fjölmiðlar og samstarfsaðilar eigi greiða leið að landsliðsfólki. Veigamikill þáttur hans starfs er einnig að auka möguleika á því að fá samstarfs- og styrktaraðila til samstarfs, greininni til hagsbóta.

Í öðru lagi var ákveðið að ráða landsliðspjálfa fyrir öll landslið Íslands í fimleikum sem saman munu hafa það hlutverk, ásamt sviðsstjóra landsliða að setja fram markmið og kortleggja verkefni sem standa landsliðsfólki til boða. Ekki síst er hlutverk landsliðspjálfa að koma til móts við þá gagnrýni að landsliðsfólk hefur fengið seint að vita hvaða verkefni standa þeim til boða og hver kostnaður við þau eru. Staðreyndin er sú að keppendur á mótum FSÍ, landslið og félagslið hafa greitt stóran hluta af kostnaði við keppnir og getur sá kostnaður hlaupið á mörgum hundruðum þúsunda ár hvert við keppnir og æfingar hérlandis sem og erlendis. Þetta er sá raunveruleiki sem blásið hefur við okkar landsliðsfólki í fimleikum og okkur þykir miður.

Þessi endurskipulagning, ásamt tilurð nýs sjóðs, „Afrekssjóðs Fimleikasambands Íslands“, sem stofnað var til á stjórnarfundi FSÍ þann 15. janúar 2013 eru stór tíðindi fyrir íslenska fimleika. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja þá sem valdir eru til keppni af FSÍ í fimleikalandslið Íslands með niðurgreiðslu á þátttökukostnaði við keppnir og æfingar. Þessi góðu tíðindi fylla okkur bjartsýni á að stuðningur, bæði faglegur og fjárhagslegur, verði meiri á komandi árum. Það er mikilvægt að minnst þeirrar bjartsýnu vonar, sem árangur íslensku landsliðanna í hópímleikum árið 2012 blés okkur í brjóst. Hún mun skila árangri til komandi kynslóða fimleikafólks á Íslandi.

Birna Björnsdóttir lét af störfum sem fulltrúi Íslands í ráðgjafarsveit framkvæmdarstjórnar FIG á árinu. Birna hefur verið í stafni á umbrotatímum og farsæl forysta hennar hefur styrkt hreyfinguna á margan hátt. Á þessum tímamótum færir stjórn Birnu einlægar þakkir fyrir framlag hennar til fimleikahreyfingarinnar á Íslandi.

Hrund Þorgeirsdóttir lét af störfum sem framkvæmdarstjóri FSÍ á árinu, en Hrund hefur unnið með fimleikahreyfingunni margvísleg störf á undanförum árum, þó svo að hún sé hætt sem framkvæmdarstjóri veit stjórn að hún er ekki hætt afskiptum af fimleikum. Viljum við nota tækifærið til að þakka henni fyrir góð störf fimleikum til handa.

Vilborg Ævarsdóttir lét af störfum sem starfsmaður FSÍ. Vilborg hefur verið tækninefndum til aðstoðar um uppsetningu móta og utanumhald fræðslumála FSÍ. Vilborg er ekki hætt afskiptum af fimleikum frekar en aðrir sem starfa með eða fyrir hreyfinguna, en hún er sem kunnugt formaður fimleikadeildar Ármanns. Vill stjórn nota tækifæri til að þakka henni fyrir góð störf á skrifstofu sambandsins.

Verkefnastjóri áhaldafimleika, Davíð Ingason, sá um landslið áhaldafimleika kvenna og karla, og Sólveig Jónsdóttir, verkefnastjóri hópfinleika, sá um að undirbúa þátttöku Íslands á Evrópumótinu í Hópfinleikum 2012. Báðir verkefnastjórnarnir luku sínum verkefnum í október 2012. Stjórn FSÍ þakkar þeim fyrir góð störf og óskar þess heilshugar að þau komi að störfum fimleikahreyfingarinnar áfram.

Nefndir starfandi á árinu

Á síðasta þingi voru gerðar lagabreytingar sem miðuðu að því að færa nefndir fimleikasambandsins nær stjórnarborðinu. ÍSÍ gerði athugasemdir við hæfnikröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna í lögunum, en samþykkti þau að öðru leiti. Stjórn FSÍ ákvað að vinna þetta kjörtímabil með þau markmið sem lágu á bak við lagabreytingarnar og bauð öllum tækninefndum FSÍ seturétt á stjórnarfundum. Það er skoðun stjórnar að vel hafi tekist til og því liggja frammi tillögur um lagabreytingar sem hafa það að markmiðið að auka enn lýðræðið í störfum sambandsins og gefa öllum fastanefndum jöfn tækifæri til þess að eiga fulltrúa með seturétt í stjórn FSÍ. Þannig koma fleiri að stjórnarborðinu og allar nefndir sitja við sama borð. Með þessari breytingu teljum við að allar fastanefndir sambandsins geti komið málefnum sínum á framfæri milliliðalaust og aukið þannig skilvirkni og samstöðu.

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á árinu 2012

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Formaður Halla Kari Hjaltested

Aðrir nefndarmenn Auður Ólafsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Sandra Matthíasdóttir og Tinna Rut Traustadóttir

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

Formaður Axel Bragason

Aðrir nefndarmenn Aðalgeir Sigurðsson, Guðjón Guðmundsson, Magnús Heimir Gunnarsson, Sigurður Hrafn Pétursson

-Axel Bragason lét af störfum í TK í september og tók þá Guðjón við sem formaður.

Tækninefnd í hópfinleikum (TFH)

Formaður kosinn á þingi, Íris Svavarsdóttir

Aðrir nefndarmenn Auður Inga Þorsteinsdóttir, Niclaes Jerkeholt, Olga Bjarnadóttir, Stefán Pálsson og Zoltan Demeny.

Fimleikar fyrir alla (FFA)

Formaður kosinn á þingi, Hlíf Þorgeirsdóttir

Aðrir nefndarmenn; Sæunn Viggósdóttir, Helga Bára Bartels Jónsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir

Fræðslunefnd

Formaður; Guðmundur Þór Brynjólfsson

Aðrir nefndarmenn; Bjarni Gíslason, Olah Istvan, Sesselja Järvela og Pröstur Hrafnsson.

Laganefnd

Formaður, Jón Finnbogason

Aðrir nefndarmenn, Hjalti Geir Erlendsson og Póra Margrét Hjaltested.

Markaðs- og fjáröflunarnefnd

Formaður, Einar Ólafsson

Aðrir nefndarmenn, Arnar Ólafsson, Óðinn Svan, Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir og Sólveig Arnardóttir.

Verkefnahópar og innlent starf

Á stjórnarfundi 8.maí var ákveðið að stofna nokkra vinnuhópa til að taka á ýmsum þáttum sem fram höfðu komið í umræðu um afreksstefnu FSÍ. Ákveðið var að stofna til sex mismunandi starfshópa með mismunandi hlutverk, hóparnir voru:

- a) Starfshópur um öflunar styrkja og úthlutun til afreksmanna FSÍ, sem hefur það hlutverk að fjalla um öflun styrkja til sambandsins vegna afreksstarfs og með hvaða hætti úthlutun og styrkveitingar til afreksmanna verður háttað.
- b) Starfshópur um úrvalshóp í áhaldafimleikum, sem hefur það hlutverk að fjalla um hvernig skuli standa að því að velja í úrvalshóp í áhaldafimleikum á hverju hausti. Aldurskiptingu og fjölda einstaklinga ásamt því að velja verkefni við hæfi hvers hóps.
- c) Starfshópur um endurskoðun á mótum og keppnisreglum FSÍ, sem hefur það hlutverk að endurskoða mótum og keppnisreglur FSÍ.
- d) Starfshópur um ásýnd og ímynd keppenda, sem hefur það hlutverk að fjalla um ásýn og ímynd keppenda á mótum Fimleikasambandsins.
- e) Starfshópur um endurskoðun á fararstjórahlutverki FSÍ á erlendum viðburðum/mótum, sem hefur það hlutverk að endurskoða hlutverk fararstjóra FSÍ á erlendum viðburðum/mótum.
- f) Starfshópur um endurskoðun á dómarafyrirkomulagi FSÍ. Helstu hlutverk hópsins eru að móta tillögu um Dómaranefnd FSÍ, að skilgreina hlutverk dómaranefndar, skyldur hennar og ábyrgð, að lista upp helstu verkefni dómaranefndar, að útbúa drög að hæfniskröfum meðlima dómaranefndar og að skilgreina fjölda meðlima í dómaranefndinni og fjölda varamanna.

Voru niðurstöður starfshópana kynntir í sumarbyrjun og tillögur unnar eftir þeim niðurstöðum. Nýjar móta- og keppnisreglur tóku gildi á árinu eftir afrakstur vinnuhóps þar sem fulltrúar TK, TKV og THF áttu sína fulltrúa í. Þetta er í fyrsta sinn sem heildstæðar móta- og keppnisreglur taka gildi og leysa m.a. af kröfur móta sem tækninefndir hafa gefið út í gegnum árin. Þó er ljóst að frekari vinna er eftir við uppfærslu á þessum reglum enda hafa ýmsir annmarkar komið í ljós þegar leið á keppnisveturinn.

Tillögur um stofnun úrvalshópa voru ein af tillögum starfshópana og var unnið eftir þeim tillögum á haustmánuðum. Á stjórnarfundum sem haldinn var 26. júní sl. var samþykkt að hraða allri vinnu við skipulagsbreytingar á starfsemi FSÍ vegna landsliðsmála og í framhaldi af því var lagt til að ráðinn verði sviðstjóri landsliðsmála FSÍ, sem hafi það hlutverk að halda utan um öll landslið FSÍ.

Formannafundur FSÍ var haldinn laugardaginn 22 september, þar sem kynntar voru nýjar móta- og keppnisreglur, mótadagskrá 2012-2013, landsliðsmál FSÍ og drög að skipuriti, staða sviðsstjóra landsliðsmála, nýr vinkill og iðkenda fjöldi félaga.

Á þingi FSÍ haldið var ákveðið að halda uppskeruhátíð FSÍ árlega. Á þeirri hátíð gefst tækifæri til að heiðra þá sem hafa skarað fram úr á árinu og veita viðurkenningar samkvæmt 15 gr. reglugerðar FSÍ, en þar segir að FSÍ veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og fimleikana í landinu. Starfsmerki FSÍ skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin. Gullmerki FSÍ skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin. Afreksmerki FSÍ skal veita einstaklingi sem skarað hefur fram úr í keppnum og náð frábærum árangri. Afreksbikar FSÍ fyrir besta árangur ársins, skal veittur þeim sem skarað hafa fram úr á árinu. Hægt er að veita bikarinn fyrir árangur í starfi, keppni eða á annan hátt sem stjórn ákveður.

Uppskeruhátíð fyrir árið 2012 var svo haldin í ársbyrjun 2013, í boði Arion banka og þökkum við þeim kærlega fyrir þær höfðinglegu móttökur sem við fengum þar. Upplýsingar um viðurkenningar sem veittar voru er að finna aftar í skýrslunni ásamt yfirliti yfir fimleikafólk ársins.

Á samstarfsfundir formanna og framkvæmdarstjóra Norðurlanda sem haldinn var dagana 19-20 apríl 2012. var samþykkt að halda sig við fyrri samþykktir um keppni í áhaldafimleikum milli þjóðanna til upphafs ársins 2013. Norðurlandamót undir 16 ára karla, sem haldið var 6-7. október, var síðasta Norðurlandamót sem haldið var með því fyrirkomulagi. Mótið var í umsjón fimleikafélagsins Bjarkar og tókst mjög vel.

Á árinu 2012 voru haldin 18 innlend FSÍ mót og tóku yfir 3900 iðkendur þátt í þeim frá 17 félögum.

Erlent samstarf

Fulltrúar FSÍ hafa tekið þátt í ýmsum verkefnum á alþjóðavísu undanfarin ár.

Birna Björnsdóttir var kjörin fulltrúi í FIG-council (ráðgjafaráð framkvæmdastjórnar alþjóða fimleikasambandsins). Birna sótti fundi ráðsins, þing FIG og aðrar upptökur FIG. Birna sóttist eftir endurkjöri á FIG-þingi í Cancun í október en það bar því miður ekki árangur.

Hlíf Þorgeirsdóttir er kjörin fulltrúi í nefnd almennra fimleika í UEG (evrópska fimleikasambandinu). Nefndin sér m.a. um undirbúning EUROGYM og Golden Age fimleikahátíðanna.

Axel Bragason sótti samráðsfundi Norðurlandanna um uppbyggingu þjálfunar yngri drengja í áhaldafimleikum sem haldinn var á sama tíma og Norðurlandamót í áhaldafimleikum fór fram í Danmörku.

Á vormánuðunum bárust okkur þau ánægjulegu tíðindi að Alþjóðafimleikasambandið (FIG) hafi útnefnd Björn Magnús Tómasson sem dómara í áhaldafimleikum karla, á Ólympíuleikunum sem haldnir voru í London. Þetta er mikill heiður fyrir íslenskt fimleikafólk

og sýnir að okkar dómarar eru í fremstu röð í heiminum. Þetta voru þriðju Ólympíuleikarnir sem Björn Magnús dæmdi á, en hann dæmdi einnig í Sydney árið 2000 og í Aþenu 2004.

Í tengslum við Evrópumótið í hóp fimleikum, sem fór fram í Danmörku í október, barst Fimleikasamband Íslands bréf frá UEG þar sem Birni Björnssyni, Sólveigu Jónsdóttur og Auði Ingu Þorsteinsdóttur var boðið að vera yfirdómarar fyrir einstök áhöld á Evrópumeistaramótinu í Hóp fimleikum. Það er ljóst að okkur er sýndur mikill heiður með þessu boði og ljóst að dómarar okkar eru á meðal fremstu í Evrópu.

Stjórn fimleikasambandsins sendi fulltrúa á Ráðstefnu UEG um hóp fimleika sem haldin var í Prag daganna 23-25 nóvember 2012, þar var m.a. rætt um: Hvað er hægt að gera til að fá fleiri þjóðir til að taka þátt í hóp fimleikum, Framtíð hóp fimleika, Hvort halda á keppnisformi hóp fimleika óbreyttu, Nýjar æfingar sem taka á inn í codan og dómaramál. Tvær af okkar fremstu dómurum, þær Sólveig Jónsdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir fóru fyrir okkar hönd.

Dagana 22-25 nóvember 2012 var haldin FIG Colloquim 2012 í Helsinki. Tveir fulltrúar úr FFA fóru; Hlíf Þorgeirsdóttir og Sæunn Viggósdóttir. Á fundinum var rætt um Gymnaeströdu (en hún verður haldin í Helsinki árið 2015) og almennt um fimleika fyrir alla. Farið var í samskipti, gildi FFA, nýjar áherslur ný mót/hátíðir og í raun rætt um hvert stefna eigi í framtíðinni með fimleika fyrir alla.

Okkar fremstu dómarar í áhaldafimleikum, Björn M. Tómasson og Berglind Pétursdóttir fóru á alþjóðleg dómaramámskeið, FIG Intercontinental Judges Course Cycle 2013 – 2016 sem haldin voru í Bratislava Tékklandi í desember. Þar endurnýjuðu þau réttindi sín með glæsibrag.

Í lok desember fór svo einnig fram alþjóðlegt dómaramámskeið WAG. Námskeiðshaldari og prófdómari var Ms. Donatella Sacchi, meðlimur í FIG tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum, en 15 dómaraefni sóttu námskeiðið sem lauk með prófi. Námskeiðið er haldið fyrir núverandi alþjóðlega dómara sem og fyrir nýja alþjóðlega dómara. Eftir hverja Ólympíuleika þurfa allir dómarar að endurnýja réttindin sín, reglurnar eru uppfærðar og endurskoðaðar eftir því sem við á. Auk þess sem settar eru inn áherslur til að þróa fimleika áfram.

Fjölmiðlar og kynningarstarf

Markvisst hefur verið unnið við að ná betri tengingu við fjölmiðla til að mæta auknum kröfum og hefur það skilað sér í aukning á umfjöllun fjölmiðla á árinu. Það á við um sjónvarp, netmiðla og dagblöð. Samstarf sem FSÍ hefur átt við fjölmiðla skilaði sér sérstaklega vel í umfjöllun um Evrópumótið í hóp fimleikum sem fór fram í Danmörku í október. Ríkisútvarpið sendi fréttamann og tókumann með í för og skilaði það sér í mjög góðri umfjöllun um mótið, aðdraganda þess og keppendur. Ber að þakka Ríkisútvarpinu fyrir þá umfjöllun. En nánar má lesa um það í skýrslu verkefnastjóra hóp fimleika.

Ný heimasíða sambandsins var sett í loftið um haustið 2012 og var myndræn framsetning höfð að leiðarljósi. Sambandið fór að nýta sér samskiptamiðla betur og þá sérstaklega Facebook, til að auka frétt aflutning af atburðum sem eiga sér stað innan sambandsins. Sú nýbreytni var gerð, að gefa fararstjórum í erlendum verkefnum aðgang að síðunni til að setja inn fréttir, myndir og myndbönd af keppendum sem fyrst til íslenskra aðdáenda/lesenda. Sú nýbreytni hefur tekist vel og tóks sambandinu að tvöfalda fylgendafjölda síðunnar þegar umfjöllun um Evrópumótið í hóp fimleikum stóð sem hæst.

Fyrr á árinu skrifaði fimleikasambandið undir tveggja ára samstarfssamning við Arion banka, þeim styrk er ætlað að koma til móts við afreksfólk Fimleikasambandsins. Eitt mikilvægasta verkefni FSÍ er að standa við bakið á afreksfólki sambandsins og með styrk þessum gefst tækifæri til að lækka þann kostnað sem keppendur og forráðamenn þeirra þurfa að greiða vegna Evrópumeistaramóta 2013. Aldrei hafa jafn margir fimleikamenn tekið þátt í Evrópumótum á einu ári fyrir Íslands hönd. Mikilvægt er að vekja athygli á grósku fimleikaíþróttarinnar. Styrkur hreyfingarinnar felst í fjölda keppenda, velgengni á íþróttavelli og glæsilegum fulltrúum utan vallar og innan.

Samstarfssamningur Fimleikasambandsins og Fimleika ehf. var undirritaður í byrjun ársins en hann tók til keppnisbúninga landsliða í hóp fimleikum og var mikil ánægja með hann hjá stjórn Fimleikasambandsins. Auk þess var gerður samningur við 66°N um ferðapeysur fyrir landslið okkar sem fóru á Evrópumótið í hóp fimleikum og Norður-Evrópumótið í áhaldafimleikum.

3. Fimleikafólk ársins 2012

Fimleikamaður ársins 2012: Róbert Kristmannsson, Gerplu

Róbert hefur verið yfirburðarmaður í íslenskum áhaldafimleikum og burðarrás í landsliðshópi karla á undanförunum árum. Róbert keppti á flestum mótum ársins 2012 og varð Íslandsmeistari í fjölþraut karla ásamt því að sigra á öllum einstökum áhöldum og er því sjöfaldur Íslandsmeistari. Að auki hefur Róbert tekið þátt í fjölmörgum verkefnum með landsliðinu og staðið sig mjög vel, komst m.a. í úrslit á tveimur áhöldum, bogahesti og svifrú, á Norðurlandameistaramóti fullorðinna sem haldið var í Greeve Danmörku í apríl, varð í 7.sæti í fjölþraut, 4.sæti á svifrú og 5.sæti á bogahesti. Róbert hefur verið óskoraður leiðtogi sinna liðsmanna og er mikil fyrirmynd ungra fimleikapilta.

Fimleikakona ársins 2012: Íris Mist Magnúsdóttir, Gerplu

Íris Mist hefur verið um árabil verið lykilmanneskja íslenskra fimleika og frammistaða hennar í landsliði Íslands í hóp fimleikum verið til mikillar fyrirmyndar. Íris Mist var einn af máttarstólpum landsliðsins sem varði Evrópumeistaratitil Íslands í kvennaflokki á Evrópumeistaramótinu í hóp fimleikum, sem fór fram í Aarhus Danmörku í október. Íris Mist er þekkt fyrir að framkvæma allar æfingar með mikilli einbeitingu, krafti og glæsileika en að auki að vera mikill styrkur fyrir sína liðsfélaga innan sem utan vallar. Íris Mist hefur lengi verið ein besta fimleikakona Evrópu og hefur framkvæmt mörg af flóknustu stökkum sem sést hafa á Evrópumeistaramótum. Íris Mist hefur unnið til fjölda titla í hóp fimleikum á undanförunum árum, m.a. tvo Evrópumeistaratitla 2010 og 2012. Hún hefur unnið alla titla sem í boði eru á Íslandi frá árinu 2005 með félagsliðinu sínu, Gerplu. Að auki er Íris Mist er góð fyrirmynd yngri iðkenda, hvort sem er við þjálfun eða ástundun.

Afreksbikar 2012, hann er veittur fyrir það afrek sem stjórn fsí telur hafa staðið upp úr á árinu og að þessu sinni hlaut kvennalandsliðið í hóp fimleikum afreksbikarinn.

4. Helstu afrek fimleikafólks 2012

Hér má sjá yfirlit yfir helstu afrek fimleikafólks á árinu 2012 ásamt árangri landsliða okkar.

1) Evrópumeistaratitill í hóp fimleikum kvenna

Íslenska kvennalandsliðið vann Evrópumeistaratitil í hóp fimleikum, þegar mótið fór fram í Aarhus, Danmörku, 18-20. október. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkjandi Evrópumeistarar ná að verja Evrópumeistaratitil en Íslenska liðið vann sama titil 2010 þar sem Evrópumeistaramót í hóp fimleikum eru haldin á 2 ára fresti. Fimleikakona ársins 2012, Íris Mist Magnúsdóttir, hefur verið ein af lykilmanneskjum í landsliði Íslands í hóp fimleikum.

2) Evrópumeistaratitill í hóp fimleikum stúlkna

Íslenska stúlknalandsliðið vann Evrópumeistaratitilinn í hóp fimleikum nokkuð örugglega á Evrópumeistaramótinu sem haldið var í Aarhus Danmörku í október á þessu ári, eftir að hafa leitt keppnina örugglega eftir undankeppnina.

3) Silfur á Norður-Evrópumeistaramóti í áhaldafimleikum

Ólafur Garðar Gunnarsson, á bogahesti. Ólafur átti hreint út sagt frábært mót á Norður-Evrópumeistaramótinu sem haldið var í Glasgow Skotlandi 19-20. október og var í úrslitum á þremur áhöldum, bogahesti, svifrú og hringjum. Eins og segir hér að framan þá fékk Ólafur silfur á bogahesti en að auki varð hann í 4. sæti á svifrú og 6. sæti á hringjum, en þetta er einn besti árangur Íslensk fimleikamanns í áhaldafimleikum undanfarin ár. Á Norður-Evrópumeistaramótinu taka 10 þjóðir þátt.

4) Silfur á Norður-Evrópumeistaramóti í áhaldafimleikum

Tinna Óðinsdóttir, á jafnvægisslá. Tinna átti mjög góðan keppnisdag á Norður-Evrópumeistaramótinu í Skotlandi, var örugg inn í úrslit á jafnvægisslá eftir fyrri keppnisdag og fylgdi því svo eftir í úrslitum með því að landa 2. sæti. Tinna er Íslandsmeistari á tvíslá auk þess að vera bikarmeistari með félagi sínu, Gerplu. Tinna hefur verið lykilmanneskja í kvennalandsliðinu í áhaldafimleikum, keppti á Norðurlandameistaramótinu, Evrópumeistaramótinu, náði eins og fyrr segir mjög góðum árangri á Norður-Evrópumeistaramótinu.

5) Íslandsmeistaramót í áhaldafimleikum

Róbert Kristmannsson, sjöfaldur Íslandsmeistari. Róbert Kristmannsson keppti á flest öllum mótum ársins og náði bestum árangri fimleikamanna á Íslandsmeistaramótinu þegar hann sigraði bæði í fjölþraut og á öllum einstökum áhöldum og stóð uppi sem sjöfaldur Íslandsmeistari. Að auki hefur Róbert tekið þátt í fjölmörgum verkefnum með landsliðinu og staðið sig mjög vel, komst m.a. í úrslit á tveimur áhöldum, bogahesti og svifrú, á Norðurlandameistaramóti fullorðinna sem haldið var í Greeve Danmörku í apríl, varð í 7. sæti í fjölþraut, 4. sæti á svifrú og 5. sæti á bogahesti. Róbert er fimleikamaður ársins 2012.

6) Brons á Norðurlandameistaramóti drengja undir 16 ára

Eypór Örn Baldursson, í stökki. Norðurlandameistaramót drengja undir 16 ára í áhaldafimleikum fór fram í Björkunum Hafnarfirði 6-7. október. Eypór Örn stóð sig langbest íslenskra keppenda, var í úrslitum á 3 áhöldum, á tvíslá, svifrú og í stökki. Eypór Örn endaði í 3. sæti í stökki og sýndi þar hversu efnilegur fimleikapiltur hann er þrátt fyrir ungan aldur en þetta var annað erlenda mótið sem Eypór tók þátt í á þessu ári, fyrra mótið var

Evrópumeistaramót í Frakklandi. Eypór Örn er auk þess Íslandsmeistari unglunga í stökki, hringjum og á gólfæfingum.

7) Brons á Norðurlandameistaramóti áhaldafimleikum

Norma Dögg Róbertsdóttir, í stökki. Norma var þriðja stúlkan til að fara í úrslit á Norðurlandameistaramótinu í áhaldafimleikum og endaði eins og liðsfélagar hennar í 3.sæti á sínu áhaldi sem er stökk en Norma er ein besta fimleikakonan í stökki á landinu. Norma Dögg er Íslandsmeistari í stökki auk þess að vera bikarmeistari með félagi sínu, Gerplu.

8) Brons á Norðurlandameistaramóti áhaldafimleikum

Jóhanna Rakel Jónasdóttir, á jafnvægisslá. Jóhanna var ein af fjórum íslenskum keppendum sem fóru í úrslit á einstökum áhöldum á Norðurlandameistaramótinu í áhaldafimleikum og endaði í 3.sæti á jafnvægisslá sem hefur lengi verið hennar sérgrein. Jóhanna Rakel er auk þess Íslandsmeistari á jafnvægisslá.

9) Brons á Norðurlandameistaramóti áhaldafimleikum

Hildur Ólafsdóttir, á gólfæfingum. Norðurlandameistaramót fullorðinna í áhaldafimleikum var haldið í Greeve Danmörku 21-22.apríl og átti íslensku keppendurnir góðan dag þar sem 4 keppendur voru í úrslitum. Hildur stóð sig vel og endaði í 3.sæti á gólfæfingum.

10) Brons á Norðurlandameistaramóti unglunga í hóp fimleikum

Blandað lið Gerplu varð í 3.sæti á Norðurlandameistaramóti unglunga í hóp fimleikum en það vakti athygli að liðið fékk hæstu einkunn allra liða í gólfæfingum, 16,50. Þetta var þeirra fyrsta Norðurlandameistaramót og má því með sannni segja að árangur þeirra sé glæsilegur og getum við vænst mikils af þeim í framtíðinni.

5. Innlend og erlend mót, fundir og sýningar

Innlendir atburðir 2012

Þrepamót í áhaldafimleikum

28. og 29. janúar í Laugabóli í umsjón Ármanns.
Fjöldi keppenda 254.

Þrepamót í 5. þrepi kvenna

4. febrúar í Ásgarði í umsjón Stjörnnunnar.
Fjöldi keppenda 145.

Unglingamót í hóp fimleikum

11. og 12. febrúar í Íþróttahúsi Vallaskóla í umsjón UmfS.
Fjöldi keppenda 684.

FSÍ þing, 18. febrúar, á Grand Hótel

Bikarmót í áhaldafimleikum

24. - 26. febrúar í Versölum í umsjón Gerplu.
Fjöldi keppenda 255.

Bikarmót í hóp fimleikum

3. mars í Ásgarði í umsjón Stjórnunnar.

Fjöldi keppenda 123.

Íslandsmót í áhaldafimleikum

10. og 11. mars í Laugabóli í umsjón Ármanns.

Fjöldi keppenda 39.

Íslandsmót í þrepum

17. mars í Hafnarfirði í umsjón Bjarkanna.

Fjöldi keppenda 128.

Undanfari Íslandsmóts í hóp fimleikum

30. mars í Versölum í umsjón Gerplu.

Fjöldi keppenda 155.

Mílanó meistaramót

1. apríl í Hafnarfirði í umsjón Bjarkanna.

Fjöldi keppenda 76.

Íslandsmót í hóp fimleikum

13. og 14. apríl í Ásgarði í umsjón Stjórnunnar.

Fjöldi keppenda 131.

Vormót í hóp fimleikum

12. og 13. maí á Egilsstöðum í umsjón fimleikadeildar Hattar.

Fjöldi keppenda 547.

Arion bankamót í frjálsum æfingum kvenna og karla

29. september í Laugabóli í umsjón Ármanns.

Fjöldi keppenda 49.

Haustmót í áhaldafimleikum, 1. og 2. þrepi kvk og kk

27. október í Bjarkarhúsinu í þeirra umsjón.

Fjöldi keppenda 71.

Íslandsmót í almennum fimleikum

10. – 11. nóvember í Íþróttahúsinu v/Vesturgötu á Akranesi í umsjón Fima.

Fjöldi keppenda 269.

Haustmót í 5. – 3. þrepi

17. – 18. nóvember í fimleikahúsi FIMAK við Giljaskóla í þeirra umsjón.

Fjöldi keppenda 295.

Bikarmót í hóp fimleikum

17. nóvember í Íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi í umsjón UMFS.
Fjöldi keppenda 192.

Haustmót í hóp fimleikum

23. – 24. nóvember í Versölum í umsjón Gerplu.
Fjöldi keppenda 335.

Erlend mót og sýningar 2012

Sjá nánari upplýsingar í skýrslu viðkomandi tækninefnda.

Reykjavík International Games

21. janúar í Ásgarði í umsjón Ármanns.
Fjöldi keppenda 161.

Framkvæmdastjóra- og formannafundur Norðurlanda

19. – 20. apríl í Kaupmannahöfn í Danmörku.
Helgi Jóhannesson og Þorgerður L. Diðriksdóttir sátu fundinn.

Norðurlandamót í áhaldafimleikum drengja U14

20. – 21. apríl í Greve í Danmörku.
6 keppendur.

Norðurlandamót í áhaldafimleikum

21. – 22. apríl í Greve í Danmörku.
6 keppendur kvk og 5 keppendur kk.

Norðurlandamót unglunga í hóp fimleikum

21. apríl í Halmstad í Svíþjóð.
2 kvennalið og 1 mix lið.

Evrópumót í áhaldafimleikum kvenna

9. – 13. maí í Brussel í Belgíu.
5 keppendur í kvennaflokki og
5 keppendur í unglungaflokki.

Evrópumót í áhaldafimleikum karla

21. – 27. maí í Montpellier í Frakklandi.
3 keppendur í unglungaflokki.

Eurogym

14. – 20. júlí í Coimbra í Portúgal.
Fjöldi þátttakenda 32.

Golden Age

30. – 6. október í Montecatini á Ítalíu.

Fjöldi þátttakenda 48.

Norðurlandamót í áhaldafimleikum drengja U16

6. og 7. október í Hafnarfirði í umsjón Bjarkanna.

34 keppendur.

Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum

19. – 21. október í Glasgow Skotlandi.

9 keppendur, 5 kvk og 4 kk.

Evrópumót í hópfinleikum

19. – 24. október í Arhus í Danmörku.

4 lið, fullorðinsflokkur kvenna og blandað lið, unglingaflokkur kvenna og blandað lið.

Árสปing FIG

25. – 27. október í Cancun Mexico.

Þorgerður L. Diðriksdóttir fyrir FSÍ og Birna Björnsdóttir fyrir FIG.

6. Skýrsla fræðslunefndar

Starf fræðslunefndar var hefðbundið þetta tímabilið. Í ágúst var send út dagskrá tímabilsins til aðildarfélaga FSÍ og hún einnig gerð aðgengileg á heimasíðu sambandsins. Að þessu sinni voru haldin námskeið 1A í Reykjavík og námskeið 1C bæði í Reykjavík og á Akureyri. Þessi námskeið voru vel sótt og margir nýir þjálfarar útskrifuðust.

Eftir áramót var haldið í Reykjavík námskeið 1B en stóð til að halda það námskeið einnig úti á landi það tókst því miður ekki að þessu sinni vegna tímaleysis. Má þar helst nefna að í janúar og febrúar fóru fram dómarnámskeið í áhaldafimleikum karla og kvenna og er það venjan að þau námskeið sem eru á vegum tækninefnda hafi forgang enda vanalega aðeins á dagskrá á fjögurra ára fresti þegar reglum er breytt eftir Ólympíuleika.

Stefnt er að halda námskeið 1B í haust í samvinnu við fimleikadeildir á Akureyrir og Egilsstöðum.

Námskeið á vegum fræðslunefndar frá september 2012 – febrúar 2013

Tímabil	Námskeið	staður	Fjöldi hópa	Fjöldi þátttakenda
September	Sérgeinahluti 1A	Reykjavík	2	57
September	Sérgeinahluti 1C	Reykjavík	1	42
Nóvember	Sérgeinahluti 1A	Akureyri	1	30
Janúar	Sérgeinahluti 1B	Reykjavík	1	27

Fjöldi mætinga á námskeið á tímabilinu voru 156 talsins.

Í febrúar var fyrirhugað námskeið í kóreografíu fyrir þjálfara í áhaldafimleikum með áherslu á lengri komna iðkendur. Var það Carol Ann-Orchard frá Englandi/Kanada sem átti að halda námskeiðið. Því miður forfallaðist hún með skömmum fyrirvara. Hún er vinsæll og virtur fyrirlesari og kennari og því urðu þeir tæplega 30 þjálfarar sem skráð höfðu sig á námskeiðið fyrir miklum vonbrigðum. Nú er stefnt að því að hún komi og haldi námskeið hér á landi í byrjun september 2013.

Á undaförnum árum hefur nefndin unnið að endurbótum og uppfærslu á kennsluefni sínu. Miðað við þá miklu fjölgun í greininni þarf að endurskoða námsefnið að hluta. Starf nefndarinnar hefur nokkuð miðast við að kenna nýjum og óreyndum þjálfurum á námskeiði 1A. Er það nauðsynlegt að sjálfsgöðu en nú þarf að þetta fræðslu fyrir hinn stóra hóp þjálfara sem sinna þjálfun á grunn og millistigi en þar eru flestir iðkendur og mikilvægt að kennsla á því stigi sé eins og góð og nokkur kostur er. Því eru hugmyndir nefndarinnar nú að nýta betur námskeið á stigi 2 þannig að hægt sé að fara nákvæmar í þær fimleikaæfingar sem teknar hafa verið fyrir á námskeiðum 1C og 2A. Þá mætti færa toppþjálfaranámskeið upp á stig 3. Gæti þetta verið liður í að auka gæði í fimleikakennslu á grunn og miðstigi.

Fræðslunefnd hefur einnig unnið í að auka val í verklegum hlutum á námskeiðum 1B, 1C og 2A þannig að sem flestir fái nákvæma og góða kennslu á sínum áhugasviðum. Þó eru alltaf einhverjir sem áhuga hafa á að taka bæði áhaldafimleikalínu og hóp fimleikalínu. Er það mjög gleðilegt. Þeim nemendum hefur verið boðið að koma næst á námskeiðið sér að kostnaðarlausu.

Sem fyrr hafa fjölmargir komið að kennslu á námskeiðum nefndarinnar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Hefur það ávallt verið stefna nefndarinnar að nota þjálfara í fremstu röð sem lokið hafa menntum í þjálffræðum eða kennslufræðum helst á háskólastigi.

Þeir sem kenndu á námskeiðum á tímabilinu voru þau:

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Bjarni Gíslason

Guðmundur Þór Brynjólfsson

Hlín Bjarnadóttir

Karen Sif Víktorsdóttir

Sandra Dögg Árnadóttir

Sesselja Jarvela

Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 út janúar 2013

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Sérgreinahluti 1A	27 + 2	705
Sérgreinahluti 1B	11 + 1	296
Sérgreinahluti 1C	12 + 1	308
Sérgreinahluti 2A	5	107
Sérgreinahluti 2B	1	29
Sérgreinahluti 2C	2	38

Fjöldi þátttakenda miðast við þá sem hafa lokið öllum námskeiðshlutum.

Alls 1483 mætingar á þjálfaranámskeið í sérgreinahluta FSÍ frá 1999. Þar að auki hafa einstaklingar sótt sérgreinahluta 2A, 2B og 2C sem endurmenntun á valda hluta sem hafa verið haldin sérnámskeið utan kerfisins.

Sérnámskeið haldin 2010 – 2012

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Trampólín móttaka stig 1	4	68
Trampólín móttaka stig 2	1	14

Nýrrar nefndar bíða fjölmörg spennandi verkefni. Ljúka þarf endurskoðun á námsefni eins og getið er að framan. Þá er komið aftur að því að halda toppþjálfaranámskeið bæði í áhalda og hóp fimleikum en nú eru komið eitt og hálft ár síðan þau voru haldin síðast. Þá eru sérnámskeið eins og kóreógrafía, sýningar fimleikra og fimleikar fyrir ýmsa sérhópa svo sem börn á leikskólaaldri, eldri borgara og fatlaða. Fimleikasambönd norðurlandanna hafa unnið mjög gott starf á þessum vetvangi og hefur nefndin verið í norrænu samstarfi og sótt fund þar sem rætt var samstarf landanna í sviði fræðslumála og mikilvægt að FSÍ taki þátt í því samstarfi.

Nefndin hefur haldið fræðslukvöld um mótahald annað hvert ár fyrir stjórnarfolk, foreldra og aðra áhugasama. Þetta er þó hópur sem gaman væri að sinna enn frekar með fræðslu af ýmsu tagi.

Nefndin vill þakka Vilborgu Ægisdóttur sem hætti á skrifstofunni nú í febrúar sérstaklega fyrir hennar störf fyrir nefndina bæði hvað varðar ut anumhald á fjölda þátttakenda á námskeiðum FSÍ frá 1998 sem og aðstoð við skipulag og útsjónarsemi við að koma námskeiðum nefndarinnar inn þaulsetin fimleikahús landsins.

Fyrir hönd fræðslunefndar FSÍ
Guðmundur Þór Brynjólfsson

7. Skýrsla nefndar um fimleika fyrir alla

Á ársþingi Fimleikasambands Íslands 2012 voru eftirtaldir skipaðir/kosnir í nefndina:

Hlíf Þorgeirsdóttir
Guðrún Tryggvadóttir
Sæunn Viggósdóttir
Helga Bára Bartels

Nefndin hófst strax handa við að undirbúa för um 50 einstaklinga á EUROGYM sem fram fór í Coimbra í Portúgal í júlí 2012. Íslensku þátttakendurnir komu einungis frá einu félagi eða Fimleikadeild Selfoss en farastjóri var Þorgerður Diðriksdóttir.

Portúgölum tókst að skipuleggja EUROGYM fimleikahátíðina mjög vel en hátt í 5000 ungmenni víðs vegar frá Evrópu voru þar saman komin til að sýna fimleika og taka þátt í

vinnubúðum. Íslenski hópurinn frá Selfossi stóð sig með prýði og var valinn af UEG til að taka þátt í GALA sýningu EUROGYM sem er mikill heiður.

Golden Age var haldið í Montecatini á Ítalíu í október 2012. Tveir hópar fóru frá Íslandi FEBAN frá Akranesi og Leikfimi hópur Sóleyjar Jóhannsdóttur frá Reykjavík, farastjóri var Birna Björnsdóttir.

Golden Age er fyrir fyrir fimleikaunnendur 50 ára og eldri og voru um 2000 þátttakendur frá Evrópu á hátíðinni. Hópur Sóleyjar var valinn af UEG til að sýna á GALA sýningu Golden Age og var þeim ákaft fagnað enda með hressst og skemmtilegt atriði.

Nefnd FFA hefur undanfarin ár reynt að koma á fót nýrri sýningarkeppni FIMLEIKALÍF en ekki hefur næg þátttaka verið fyrr en nú í ár. Þann 1. maí 2013 mun FIMLEIKALÍF fara fram í fyrsta skipti og hafa nú þegar þetta er ritað 15 lið skráð sig til þátttöku.

Nefnd FFA hefur á tímabilinu farið í smá kynningarherferð. Við hringdum í félög um land allt, létum útbúa kynningarbækling sem við sendum á öll félög og þjálfara á landinu.

Sæunn Viggósdóttir fór á Colloquium FIG sem haldið var í Finnlandi í desember en Hlíf Þorgeirsdóttir var boðið að taka þátt á vegum UEG. Þessir fundir eru mikilvægir fyrir fimleikahreyfinguna þar sem fræðsla og þekking annarra landa skilar sér til okkar.

Mikil uppbygging er í Fimleikum fyrir alla bæði á vegum UEG Fimleikasambands Evrópu og FIG Alþjóða fimleikasambandinu. FSÍ er þar enginn eftirbátur en samt vantar svolítið upp á að félögin gefi sínum iðkendum tækifæri á því að taka þátt í þeim frábæru fimleikahátíðum

sem í boði eru víðs vegar um heiminn. Það er mikil upplifun að taka þátt á hátíðum sem þessum þar sem félagslegi þátturinn er í hávegum hafður. Allir sem hafa tekið þátt segja þetta vera ógleymanlegar ferðir enda oft mikil upplifun að fá að koma fram fyrir um 10.000 manns eins og Selfoss stúlkur upplifðu í Portúgal síðasta sumar.

Framundan er undirbúningur á:

Choreo-Camp sem haldið verður af UEG í Helsingborg í Svíþjóð nú í sumar,

EUROGYM sem haldið verður sumarið 2014 í Helsingborg í Svíþjóð,

Golden Age sem haldið verður haustið 2014 í Toulouse í Frakklandi,

Gymnaeströdu sem haldin verður sumarið 2015 í Helsingi í Finnlandi.

Gym For life verður haldið í sumar í Cape Town í Suður Afríku þetta er sýningar keppni sem haldin er af FIG. Enginn hópur fer frá Íslandi að þessu sinni en Hlíf Þorgeirsdóttur var boðið af FIG að vera dómari á þessari hátíð. FFA vonast til að geta haldið sýningarkeppnina okkar FIMLEIKALÍF á hverju ári og þannig vakið upp áhuga fimleikaiðkenda til að sækja Gym For Life sem haldið verður næst í Noregi 2017.

Ekki geta allir orðið afreksmenn í fimleikum. Það er því mikilvægt að huga að þeim stóra hóp sem almennir iðkendur eru innan fimleikanna. Samvera, stemming, samskipti, leikur og

fræðsla eru allt hugtök sem tengja má jákvæðu gildi fimleikaiðkunar en það er það sem iðkendur upplifa á þessum fimleikahátíðum

Við í FFA viljum hvetja fimleikafélögin um land allt til að huga vel að þeim viðburðum sem framundan eru. Skráning á þessar hátíðir er strax í haust og því þurfa félögin að fara að skipuleggja sig og taka ákvarðanir sem fyrst til að auðvelda foreldrum/iðkendum að fjármagna verkefnin.

Fyrir hönd FFA
Hlíf Þorgeirsdóttir

7.1 Skýrsla Hlífar Þorgeirsdóttir UEG-TC-GfA

Skýrsla vegna setu Hlífar Þorgeirsdóttur í almennu Fimleika nefndinni hjá UEG. Vinnan við Almennu fimleikanefndina hjá UEG (TC-GFA- UEG)hefur verið mikil og lærdómsrík frá því að ég var kosin inn í hana í Ísrael árið 2009. Nefndinn skipti með sér verkum strax í byrjun janúar 2010 á innsetningarfundi sem haldin var í Vín.

Nöfn nefndarmanna

Hlutverk/Umsjón

Detlef Mann (ÞÝS). Formaður

Alberto Claudino(POR).Varaform.

Roger Pittman (ENG)

Hlíf Þorgeirsdóttir (ÍSL)

Coreo-camp

Maria Stahl (SWE)

Heidi Marie Taksdal (NOR)

Franziska Steel / Regina Beeler (SVISS)

Golden Age, Gym For Youth Challenge

EUROGYM

Golden Age, Gym For Youth Challenge og

Fræðsla, Coreo-camp

EUROGYM

Fræðsla, Coreo-camp

Í janúar 2011 tók ég svo líka við fræðsluhlutanum af Franzisku vegna forfalla hennar og sinnti því starfi í 1 ár eða þangað til Regina Beeler (SVISS) tók við af Franzisku í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa yfirumsjón og skipuleggja EUROGYM, GoldenAge halda Chore-camp námskeið og að breiða út almenna fimleika.

Á fyrsta fundi hóf nefndin strax að skipuleggja EUROGYM sem haldið var í Danmörku sumarið 2010 og Golden Age sem haldið var haustið 2010 í Portúgal. Hátíðirnar sem tókust mjög vel voru fjölmennar, en yfir 4000 unglingar mættu á EUROGYM og um 2000 þátttakendur 50 ára og eldri voru mættir á Golden Age í Portúgal. (Íslenskir þátttakendur á EUROGYM voru um 300 en á Golden Age voru þeir um 50).

TC-GFA-UEG hélt einnig kóreografíunámskeið þar sem þjálfurum frá öllum Evrópuþjóðunum var boðið. Námskeiðið gekk vel og var haldið í Lilleström í Noregi í tengslum við Gym For Live í Noregi. (Einn íslenskur þjálfari frá Selfoss fór til Noregs).

Á þeirri keppni (Gym For Live Norge) bað Norska fimleikasambandið mig um að vera í dómarateymi sem gaf liðunum álit eða „feed back“.

Vinna og fundir héldu áfram og farið var í að skipuleggja EUROGYM og Golden Age 2012. Báðar þessar hátíðir EUROGYM sem haldið var í Coimbra Portugal sumarið 2012 og Golden

Age í Montecatini á Ítalíu haustið 2012 voru vel heppnaðar og vel sóttar. (Íslenskir þátttakendur á EUROGYM voru um 30 en á Golden Age um 50).

Framundann er svo áframhaldandi vinna við skipulagningu EUROGYM í Helsingborg Svíþjóð og Golden Age í Toulouse Frakklandi sem haldið verður 2014. Skipulagning nefndarinnar er löngu hafin og nokkrir fundir verið haldnir.

Kóreografiunámskeið sem halda á fyrir Evrópska þjálfara í Svíþjóð næsta sumar er einnig í undirbúningi. (Þangað fara 2 íslenskir þjálfarar frá Ármanni)

Nefndin TC-GFA-UEG höfum hafið vinnu við að gefa út bók um kóreografíu sem vonandi kemur út fyrr en síðar. Engin slík bók hefur áður verið gefin út í Evrópu og teljum við að slík bók gæti hjálpað til við að uppbyggingu fimleika og þá sérstaklega fyrir litlu/smærri félögin. Það er mikil vinna við gerð bókar en margar hendur munu koma að, við gerð hennar. Þetta er líka alltaf spurning um fjármagn er stjórn UEG er hlynnt útkomu þessarar bókar og er að reyna að hjálpa til við að fjármagna hana.

TC-GFA-UEG ætlum að vera með nýtt form af sýningarkeppni daginn fyrir EUROGYM 2014 sem kalla á GYM FOR YOUTH CHALLENGE (Test event). Þetta verður eins dags sýningarkeppni þar sem Evrópulöndin geta komið og keppt með sín atriði. Ég (Hlíf) og Alberto sjáum um þá keppni sem verður í Helsingborg Svíþjóð 2014. Ég fundaði með sænska fimleikasambandinu í sumar um þetta verkefni og eru þau spennt að fá að móta þessa sýningarkeppni með okkur.

Á tímabilinu höfum við nokkrum sinnum fundað með formanni UEG Georges Gulzec, varaformanni Ruedi Hediger og framkvæmdastjóra UEG Kirsi Erofejeff-Engman.

UEG nefndin hefur einnig fundað með FIG Alþjóðanefndinni í almennum fimleikum TC-GFA-FIG tvisvar sinnum á þessum þremur árum (sem búin eru af tímabilinu). Margreta Sikkens formaður TC-GFA-FIG ætlar svo að funda með okkur aftur sumarið 2013. Nefndirnar UEG og FIG hafa reynt að vinna saman og er planið að reyna að koma enn meiri samvinnu af stað á milli nefnda.

Fundirnir síðastliðin 3. ár hafa verið í kringum 20 talsins eða ca. 101 dagur (þar eru hátíðirnar meðtaldar). Margir fundanna hafa verið strembnir því reynt er að vinna eins mikið og hægt er á stuttum tíma til að spara vinnutap fyrir nefndarmenn. Heimavinna hefur líka verið talsverð, símafundir, reglugerðir, skipulagning og fl.

Það hefur verið mjög gaman og fræðandi að taka þátt í þessu nefndarstarfi hjá UEG og tel ég að það sé nauðsynlegt fyrir okkur (Ísland) að gefa af okkur líka. Við eigum ekki alltaf bara að þyggja. Við höfum margt fram að færa en höfum í leiðinni grætt þekkingu og reynslu. Grasrótin er það sem skiptir máli fyrir fimleika allsstaðar, og þurfum við að virkja hana og hlúa að henni.

Fimleikakveðja
Hlíf Þorgeirsdóttir

EUROGYM er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-20 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem party, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Helsingborg í Svíþjóð, sumarið 2014. Öllum fimleikafélögum í Evrópu er velkomið að taka þátt í EUROGYM. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun eða alls átta sinnum.

GOLDEN AGE er evrópsk fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri. Evrópskafimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð en svo taka við vinnubúðir, ýmis fræðsla á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Golden Age er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem fræðsla, dansparty, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. GOLDEN AGE er haldin annað hvert ár, að hausti til, og verður næsta hátíð haldin í Toulouse í Frakklandi, haustið 2014. Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi eða alls fjórum sinnum.

Chore-camp er námskeið á vegum Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) og er ætlað þjálfurum frá Evrópu. Choreo-camp er einn liður í því að bæta sýningaratriði um alla Evrópu. Farið er yfir samsetningu sýningaratriða og þjálfurum veitt aðstoð við að gera kraftmikil og áhugaverð sýningaratriði. Námskeiðinu er skipt upp í tvo hópa, fyrir byrjendur og fyrir þjálfara sem hafa nokkra eða mikla reynslu. Choreo-camp verður næst haldið í Helsingborg í Svíþjóð í lok júní 2013 (löng helgi).

EUROPEAN GYM FOR YOUTH CHALLENGE er sýningakeppni, sem er ný af nálinni. "Test event", eða tilraunakeppni verður haldin í Helsingborg í Svíþjóð, daginn fyrir EUROGYM, árið 2014. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa sýningakeppni. Sýningakeppnin er opin öllum fimleikafélögum. Keppt verður í nokkrum flokkum. Ef vel tekst til með þessa "reynslu" sýningakeppni mun hún festa sig í sessi og líklega verða haldin annað hvert ár.

8. Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári;

Auður Ólafsdóttir	meðstjórnandi
Halla Karí Hjaltested	formaður
Hildur Ketilsdóttir	ritari
Sandra Matthíasdóttir	varaformaður
Tinna Rut Traustadóttir	meðstjórnandi

Nefndarstörf

Þegar nefndin tók við í febrúar á síðasta ári kom fljótlega að því að velja landslið fyrir þau erlendu mót sem framundan voru. Þar sem að nefndin var skipuð nýjum einstaklingum sóttum við okkur aðstoðar hjá reyndari dómurum við val á landsliðum árið 2012. Ýmsir starfshópar voru stofnaðir á tímabilinu og átti TKV fulltrúa í þeim öllum þar sem unnið var að málum sem tengjast mótahaldi og landsliðsmálum. Nefndin gaf út kröfur móta fyrir þrepin og frjálsar æfingar ásamt því að aðstoða við uppsetningu á mótaskrá. Við upphaf keppnistímabils skipti nefndin með sér störfum hvað varðar skipulagningu móta og niðurröðun dómara á mót, unnið var í samstarfið við skrifstofu FSÍ. Formaður eða varaformaður nefndarinnar sátu nánast alla stjórnarfundir sem áheyrnafulltrúar, og þar gat nefndin komið sínum skoðunum og sjónarhornum á framfæri. Nefndarmenn telja þetta skref í rétta átt og sjá mikilvægi þess að sitja við sama borð og stjórnarmenn og aðrir fulltrúar tækninefnda þar sem að skilningur á málum samabandsins er betri og samstarf við alla aðila nánara.

Landsliðsmál

Á því tímabili sem nefndin hefur starfað höfum við komið reglulega á framfæri við stjórn FSÍ mikilvægi þessa að ráðnir verði aðilar sem sjá um landsliðsmál Íslands. Í desember 2012 og janúar 2013 voru ráðnir þrír einstaklingar til þess að sjá um landsliðsmál. Vinna þessara aðila er hafin og hefur samstarfið við nefndina gengið vel, við vitum að þetta mun efla og stuðla að uppbyggingu afreksstarfs í áhaldafimleikum í framtíðinni.

Íslenski fimleikastiginn

TKV ber ábyrgð á Íslenska fimleikastiganum sem breytist eftir hverja Ólympíuleika þegar FIG breytir sínum dómarareglum. Nefndin skipaði vinnuhóp til þess að sjá um gerð nýs fimleikastiga sem tekur gildi næsta haust og verður keppt eftir honum næstu fjögur árin..

Hópin skipa;

Auður Ólafsdóttir

Hlín Bjarnadóttir

Sandra Dögg Árnadóttir

Sandra Matthíasdóttir

Innlend mót

Mótaskrá var þétt skipuð á síðasta keppnistímabili. Keppt var eftir Íslenska fimleikastiganum

og í frjálsum æfingum. Þetta var í síðasta skipti sem keppt var eftir núverandi reglum fimleikastigans en nýr stigi tekur gildi haustið 2013. Keppendur í frjálsum æfingum fylgdu dómareglum 2009-2012 fram að jólum en hófu síðan keppni eftir nýjum reglum FIG á vorönn. Mótahald var með svipuðu sniði og síðastliðinn ár og umgjörð flestra móta til fyrirmyndar..

Erlend mót

Val í landsliðshóp hverju sinni fer eftir því verkefni sem framundan er. Í verkefnin eru valdir einstaklingar sem geta verið mjög sterkir keppendur í fjölþraut og einnig einstaklingar sem eru með mikinn styrkleika á einstökum áhöldum. Út frá þeim sjónarmiðum er valinn hópur stúlkna eða kvenna sem er talinn vera bestur fyrir verkefnið hvort sem um ræðir liðakeppni, fjölþrautakeppni eða úrslit á einstökum áhöldum. Horft er til móta vetrarins, æfinga á vegum landsliðsþjálfara og einnig upphafseinkunnar (erfiðleika innihalds æfingar) keppenda þegar velja á einstaklinga í landslið á vegum Fimeikasambands Íslands.

Norðurlandamót fullorðinna 21.-22. apríl 2012 – Greve, Danmörk

Embla Jóhannesdóttir	Gróttá
Hildur Ólafsdóttir	Fylkir
Jóhanna Rakel Jónasdóttir	Ármann
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Thelma Rut Hermannsdóttir	Gerpla

Þjálfari: Berglind Pétursdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson

Helstu úrslit: Hildur fékk bronsverðlaun fyrir gólfæfingar, Jóhanna Rakel fékk bronsverðlaun fyrir jafnvægisslá og Norma Dögg fékk bronsverðlaun fyrir Stökk.

Evrópumeistaramót fullorðinna 9.-13. maí 2012 – Brussel, Belgía

Hildur Ólafsdóttir	Fylkir
Jóhanna Rakel Jónasdóttir	Ármann
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Thelma Rut Hermannsdóttir	Gerpla
Tinna Óðinsdóttir	Gerpla

Þjálfarar: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Þorbjörg Gísladóttir

Evrópumeistaramót unglinga 9.-13. maí 2012 – Brussel, Belgía

Andrea Rós Jónsdóttir	Björk
Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir	Björk
Guðrún Georgsdóttir	Stjarnan
Katrín Myrra Þrastardóttir	Ármann
Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	Gerpla

Þjálfari: Dmitry Varonin og Þorbjörg Gísladóttir

Norður Evrópumót 19.-21. október 2012 – Glasgow, Skotland

Dominiqua Alma Belányi	Gróttta
Embla Jóhannesdóttir	Gróttta
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Thelma Rut Hermannsdóttir	Gerpla
Tinna Óðinsdóttir	Gerpla

Þjálfari: Berglind Pétursdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson

Helstu úrslit: Tinna fékk silfurverðlaun fyrir jafnvægisslá

FIG World Cup 22.-24. nóvember 2012 – Ostrava, Tékkland

Jóhanna Rakel Jónasdóttir	Ármann
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Tinna Óðinsdóttir	Gerpla

Þjálfarar: Guðmundur Þór Brynjólfsson

Top Gym 23.-25. nóvember 2012 – Charleroi, Belgíu

Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir	Björk
Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	Gerpla

Þjálfarar: Dmitry Varonin

Evrópumeistaramót fullorðinna 15.-21. apríl 2013 – Moskva, Rússland

Dominiqua Alma Belányi	Gróttta
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Thelma Rut Hermannsdóttir	Gerpla
Tinna Óðinsdóttir	Gerpla

Þjálfarar: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir

Helstu úrslit: Norma Dögg varð fyrst íslenskra kvenna til að vera varamaður inn í úrslit á stökki á Evrópumeistaramóti í áhaldafimleikum.

Dómaramál

Eftir hverja Ólympíuleika gefur FIG út nýjar dómarareglur. Berglind Pétursdóttir fór sem fulltrúi Íslands á alþjóðlegt dómaranámskeið (intercontinental judges course) en hvert land getur sent dómara á fyrsta námskeiðið sem haldið er á vegum alþjóðlegu tækninefndarinnar. Í lok árs 2012 kom Donatella Sacchi til landsins og hélt alþjóðlegt dómaranámskeið. Námskeiðið sátu 15 íslenskir kvenndómarar sem voru að endurnýja sín réttindi eða taka prófið í fyrsta skipti. Vel var staðið að alþjóðlega námskeiðinu og viljum við þakka Berglindi Pétursdóttur fyrir hennar aðstoð og stuðning sem hún veitti dómurum og

námskeiðshaldara. Í byrjun janúar fór svo fram námskeið fyrir íslenska dómara, bæði byrjendur og lengra komna. Berglind Pétursdóttir og Hlín Bjarnadóttir héldu námskeiðið

og eiga þær hrós skilið fyrir frábæra kennslu, góða uppsetningu og skemmtilegt námskeið. Að námskeiði loknu stofnuðu þær síðan umræðusíðu á facebook fyrir dómara á Íslandi og hefur hún reynst gríðarlega vel og skapar skemmtilega stemmningu og áhugaverðar umræður um dómgæslu. Ísland á núna flottan hóp dómara og við hlökkum til þess að fylgjast með framför og uppbyggingu á næstu fjórum árum.

Tækninefnd kvenna vill þakka aðildarfélögum, dómurum, stjórn og skrifstofu FSÍ fyrir samstarfið síðastliðið ár..

9. Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum

Á þingi Fimleikasambands Íslands (FSÍ) 2012 voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í nefndina:

Axel Bragason, formaður,
Atli Jasonarson,
Magnús Heimir Jónasson,
Sigurður Hrafn Pétursson, ritari.

Starfsskipan innan nefndarinnar

Guðjón Guðmundsson kom inn í stað Atla Jasonarsonar, og varð varaformaður. Aðalgeir Sigurðsson var beðinn af nefndarmönnum um að ganga í nefndina sem hann og gerði. Axel Bragason segir af sér formennsku 3. September og Guðjón tekur við. Sigurður tekur svo við formennsku þann 5. Mars að samþykkt stjórnar og Guðjón gerist ritari í stað Sigurðar.

Guðjón og Sigurður sáu um mótaskipulag innanlands. Sigurður sá um uppsetningu á dómaraplani.

Almenn störf nefndarinnar

Almenn störf voru unnin samkvæmt starfslýsingu. Fundargerðir eru til staðar á heimasíðu FSÍ. Þrír nefndarmenn sinntu formennsku á tímabilinu og stóðu sig allir vel að mati TK.

Dómaramál

Haldið var Landsdómaranámskeið í samstarfi við Björn Magnús Tómasson og þakkar nefndin honum fyrir það. Einnig var haldið Alþjóðlegt dómaranámskeið, 21. – 24. Mars, þar sem Björn Magnús var aftur að verki og aðstoðaði Butch Zurich með námskeiðshaldið. Aftur þakkar nefndin Birni fyrir sem og Butch. Eftir þessi námskeið útskrifuðust 5 alþjóðlegir dómarar og 14 landsdómarar. Tilnefningar dómara á erlend mót voru samkvæmt dómaraáætlun TK 2009 – 2012. Áætlað er að halda sambandsdómarapróf í haust samhliða útgáfu á nýjum fimleikastiga. Markmiðið er að fá sem flesta á námskeið og að flestir nái námskeiðinu með prýði.

Skipulagning móta

Skipulagning móta á tímabilinu var oft á síðasta snúning sem má rekja til verulega lakrar

dómaraskráningu. Fjöldi dómara á mót var yfirleitt undir því sem venjast má og þurfti langan tíma til að skaffa dómara. Reynt var að blanda dómurum á dómaborð á milli mótshluta og móta þannig að dómaraar dæmi með sem flestum í stað þess að stíja alltaf með sama dómara. Þrátt fyrir mikið dómaraþætti sá TK til þess að mótin gætu farið fram í samvinnu við mótshaldara. Tímamörk á mótum stóðust ekki alltaf og það er eitt af því sem nefndin stefnir á að bæta á næsta ári. Lengd fimleikamóta er einnig atriði sem stefnir í óefni. Það er ekki gott mál að sjá keppnishluta stefna í 3 klukkutíma, sem þýðir rúmlega 4-5 klukkutíma prógram fyrir keppendur, þjálfara og dómara. Nefndin hefur reynt eftir mesta megni að halda mótum í hæfilegri lengd, en stefnir að því að gera betur á næsta tímabili.

Verkefni

Íslenski fimleikastiginn var látinn óhreyfður enda búið að uppfæra hann tvisvar á síðasta tímabili. Haldinn var þjálfarafundur, 8. desember, til að fá inn á borð hugmyndir um nýjan stiga sem verður gefinn út 2013.

NM seniora var haldið í Greve, Danmörku, 20. – 22. apríl. Ísland sendi fullt lið á það mót eftir val TK. NM u-14 var haldið samhliða og TK stóð fyrir 3 samæfingum og foreldrafundi. Ísland sendi einnig fullt lið á það mót eftir að hafa farið vandlega yfir þátttakendur.

EM liðakeppnin var haldin í Montpellier, Frakklandi, 8. – 13. Maí. TK setti lágmörk 75 stig í fjölþraut seniora og 71 stig í juniora og lágmörk á einstök áhöld vegna liðakeppni. Ekki náði að fylla í senior lið, svo að fullt junior lið var sent út.

Ólympíuleikarnir voru haldnir í London, 29. Júlí – 7. Ágúst. Björn Magnús Tómasson var útnefndur af Alþjóðafimleikasambandinu (FIG) til að dæma á þeim. Það er mikill heiður fyrir íslenskt fimleikafólk og voru þetta þriðju Ólympíuleikarnir sem Björn dæmir á.

NM u-16 verkefnið gekk mjög vel. Mótið var haldið í Íþróttamiðstöðinni Björk í Hafnarfirði og var umgjörð mótsins að öllu leiti mjög fagleg. Skipulagning á mótinu var með eindæmum góð og þakkar nefndin Hlín Bjarnadóttur mótsstjóra fyrir sín störf í skipulagningu og Fimleikafélaginu Björk fyrir flott mót. Sigurður Hrafn Pétursson sá um yfirdómgæslu á mótinu.

NEM var haldið í Glasgow, Skotlandi, 19. – 21. október. Mótið var bæði liða og einstaklingskeppni. Landsliðsþjálfari og TK völdu í samvinnu í lið. Ólafur Garðar Gunnarsson vann til silfurverðlauna á bogahesti og er það dæmi um skref í rétta átt í íslenskum áhaldafimleikum karla. Frábær árangur.

NM u-14 verkefnið 2013 varð einhvern veginn undir og það var farið afskaplega seint af stað í það. Markmið TK verður að halda þessu verkefni gangandi og halda því lifandi bæði hjá félögum og iðkendum.

Önnur störf TK verða ekki tíunduð hér en þess ber þó að taka fram að samstarf innan tækninefndarinnar var gott og voru nefndarmenn samstíga og einhuga í öllum ákvörðunum nefndarinnar.

Þakkir:

TK þakkar nefndarfélagi í tækninefnd í áhaldfímleikum kvenna FSÍ og fræðslunefnd FSÍ fyrir gott samstarf.

Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu en góð samskipti og samvinna aðildarfélaga og starfsmanna þeirra við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.

Fh. Tækninefndar í áhaldafímleikum karla FSÍ

Sigurður Hrafn Pétursson

10. Skýrsla tækninefndar í hópímleikum

Meðlimir:

Íris Svavarsdóttir, formaður, Olga Bjarnadóttir, varaformaður, Auður Inga Þorsteinsdóttir, ritari, Niclaes Jerkeholt, Zoltan Demeny og Stefán Pálsson, áheyrnarfulltrúi

Nefndarstörf

Nefndin hefur haldið allmarga fundi á tímabilinu og komið að mörgum verkefnum. Breyting varð á starfi nefndarinnar þar sem að almennir fímleikar komu inn undir hennar svið og sá Zoltan um það starf innan nefndarinnar. Hér kemur stutt lýsing á helstu verkefnum nefndarinnar:

Landsreglur lagðar af og undanþágur frá Evrópureglunum (COP) teknar upp

Sumarið 2012 voru landsreglurnar formlega lagðar niður og í staðin keppa allir eftir sama keppnistiga eða Code of points reglum UEG. (Evrópska fímleikasambandsins). Hins vegar voru gefnar út undanþágur sem að henta hverjum aldurshóp fyrir sig sem að auðvelda framkvæmd á reglunum og minnka kröfur á keppendum sem eru að byrja að keppa í hópímleikum. Eftir eitt tímabil í keyrslu virðast undanþágurnar koma vel út. Eftir lok tímabilsins verður farið yfir undanþágurnar með þjálfurum og verða þá gerðar breytingar í samræmi við athugasemdir sem allir kunna að hafa. Einn af aðal kostum þess að leggja af landsreglur er sá að allir dómarmar hafa nú sömu réttindi og því þurfa dómarmar ekki að vera með tvenn réttindi eins og áður var. Því þarf tækninefndin ekki að halda úti tvöföldum dómarmalista og auðveldar þetta mikið vinnuna í kringum dómarmál.

Evrópumót í hópímleikum 2012

Í fyrsta skipti í var farið út í stórt landsliðsverkefni í hópímleikum hjá fímleikasambandinu. Sendur var út 72 manna hópur sem keppti í 4 liðum. Sent var kvennalið, blandað lið, stúlkna lið og blandað lið unglunga. 13 landsliðþjálfar unnu við verkefnið. Í kringum hvert 14 manna lið var upphaflega valinn 20-25 manna hópur sem var svo skorinn niður á vissum tímapiunktum í aðdraganda mótsins. Eins og gefur að skilja var þetta gríðar stórt verkefni. Verkefnastjóri var ráðinn til þess að sjá um verkefnið og var það Sólveig Jónsdóttir. Verkefnið tókst á allann hátt frábærlega og var árangurinn svo sannarlega frábær. Öll okkar lið komust í úrslit. En rúsinan í pulsuendanum voru tvenn gullverðlaun og tvö lið lentu í

fjórða sæti. Nánar er hægt að lesa um verkefnið í skýrslu verkefnastjóra. Sem hægt er að finna hér í skýrslunni.

Norðurlandamót Unglinga 2012

Laugardaginn 21. apríl fór fram Norðurlandamót unglunga í hóp fimleikum í Halmstad í Svíþjóð. Þrjú íslensk lið tóku þátt, frá Gerplu og Stjörnunni, tvö kvennalið og eitt blandað lið. Mótið hófst á keppni í flokki blandaðra liða þar sem sex lið tóku þátt. Blandaða liðið endaði í þriðja sætið en það vakti athygli að liðið fékk hæstu einkunn allra liða í gólfæfingum, 16,50. Þetta var þeirra fyrsta Norðurlandamót og má því með sannri segja að árangur þeirra sé glæsilegur og getum við vænst mikils af þeim í framtíðinni.

Kvennaliðin okkar náðu einnig góðum árangri, Stjarnan varð í 5.sæti og Gerpla í 6.sæti, en 10 lið tóku þátt í kvennaflokki. Þess má geta að Gerpluliðið fékk hæstu einkunn sem gefin var í gólfæfingum, 18,40.

Gestadómarar á Íslandsmót

Samstarf norðurlandanna er mikilvægt í fimleikum og það vill nefndin efla og styrkja enn frekar. Tíðkast hefur í gegnum árin að lið frá Íslandi hafa farið í æfingabúðir á norðurlönd og eða fengið að keppa á mótum sem gestir. Þetta hefur verið góð reynsla fyrir liðin bæði keppendur og þjálfara. Nefndin fór á leit við stjórn FSÍ að fá styrk til að fá erlenda gestadómara á Íslandsmótið í hóp fimleikum fullorðinna í apríl 2013 til að stuðla að enn frekara samstarfi þarna á milli. Stjórnin samþykkti þessa beiðni og komu tveir erlendir dómarar til landsins.

Dómarahelgi 2012

Í nóvember 2012 hélt nefndin dómarahelgi þar sem að haldið var dómaranámskeið fyrir nýja dómara. Einnig var haldinn upprifjunarhluti fyrir dómara með COP TEAM GYM réttindi og þjálfara sem þurftu að kynna sér betur þær undanþágur sem koma að dómaraeglunum. Helgin tókst framar vonum og var aðsóknin góð. Alls útskrifuðust um 50 dómara með ný réttindi en um 35 dómarar og þjálfarar komu á upprifjunar hlutann.

Breyting á reglum í almennum fimleikum

Zoltan Demeny og Karen Jóhannesdóttir unnu breytingar á reglum í almennum fimleikum. Reglurnar voru sniðnar að COP TEAM GYM reglunum. Breytingarnar eiga að minnka bilið á milli þess að keppa í almennum fimleikum og hóp fimleikum. Þar sem unnið er eftir nokkuð svipuðum viðmiðum og reglum.

Titlar innanlands

Íslandsmeistarar 2013 í flokki fullorðinna

Kvenna: Gerpla

Karla: Gerpla

Blandað lið: Ármann

Íslandsmeistarar Unglinga 2013

4. flokkur:

Kvk: Gerpla

3. flokkur:

Stúlkna: Selfoss

Pilta: Höttur

2. Flokkur

Stúlkna: Gerpla

Pilta: Selfoss

Blandað: Höttur

1.flokkur

Stúlkna: Stjarnan

Pilta: Gerpla

Blandað: Ármann

Bikarmót

Meistaraflokkur

Kvenna: Gerpla

Karla: Gerpla

1 flokkur

Kvenna: Gerpla

Karla: Selfoss

2. Flokkur

Kvenna: Gerpla

Að lokum

Nefndin þakkar fyrir sig. Búast má við að nokkuð breytt tækninefnd taki til starfa að loknu fimleikaþingi.

11. Skýrsla verkefnastjóra í áhaldafimleikum

Nokkrir punktar eftir tímabilið 2009 -2012

11.1 Bakgrunnur

Þegar undirritaður var beðinn um að taka verkefnið að sér haustið 2009, þá aðeins fyrir áhaldafimleika karla, var það gert í ljósi þeirrar upplifunar stjórnarmanna FSÍ að keppnismenn og þá sérlega karlar væru utanveltu og vantaði stuðning í mörgum málum til þess að hægt væri að ná besta mögulegum árangri.

Það kom fram í samtölum mínum við keppnismennina þegar ég hóf störf að þeir upplifðu mikið sambandsleysi og virðingarleysi í sinn garð og greinilegt var að þetta hamlaði árangri.

Farið var af stað með ýmsa nýbreytni meðal annars þá hugsun að Verkefnastjóri veldi í landslið en sú skipan komst aldrei á og Tækninefndir héldu áfram að velja lið þar til haustið 2012 að landsliðsþjálfari karla var skipaður með lengri fyrirvara en áður og honum falið að velja lið karlamengin fyrir NEM og NMU.

Ef þessi skipan verður tekin upp sem undirrituðum finnst heillavænleg mun starf Tækninefnda breytast örlítið en samskipti einfaldast og boðleiðir styttest.

Sum önnur þau verkefni sem nefnd eru í starfslýsingu eru atriði sem mikilvæg eru í þjálfun afreksmanna okkar en hafa gjarnan orðið útundan hjá okkur í starfinu og afreksmenn okkar oft mætt þar afgangi vegna hversu óljós aðkoma FSÍ hefur verið. Spurningin snýst oft um hver „á“ viðkomandi íþróttamann og þar hafa félögin oft ekki verið með hugann við afreksmenn sína heldur horft meira til fjöldans en „lánað“ FSÍ keppnismenn sína og þjálfara til landsliðsverkefna.

11.2 Úrvalshópar

Stofnun úrvalshópa er nú fyrirstandandi. Þessi niðurstaða úr stefnumótunarvinnu FSÍ (Afrekstefna) er mikilvægt skref og ber að halda þétt um þessa vinnu.

Markviss vinna með úrvalshópana er undirstaða árangur okkar á komandi árum.

11.3 Þjálfarar og aðstaða

Það er skemmst frá því að segja að aðstaða okkar til fimleikaiðkunar er mjög góð fjöldi sérhæfðra húsa og fjöldi góðra þjálfara er fyrir hendi. Mikilvægt er því að halda vel utan um efniviðinn okkar sbr umræðu um Úrvalshópa hér að ofan.

11.4 Þátttaka í erlendum mótum

Það viðmið hefur verið haft í starfi FSÍ á undanförunum árum að leggja allt uppúr því að taka þátt á þeim mótum sem okkar nánasta samstarfsþjóðir hafa verið að halda og við eigum hlut að svo sem mismunandi Norðurlandamót (senior, junior etc) og Norður Evrópumót.

Þátttaka í EM og HM hefur meira ráðist af framboði frambærilegra einstaklinga í slík verkefni og þátttaka í öðrum mótum svo sem Challenger Cup FIG, sem henta okkur reyndar mjög, vel hefur verið afar takmörkuð en kom til dæmis vel þegar undirbúningur var í gangi fyrir HM 2011.

11.5 Önnur þjálfun og kennsla

Mikilvægt er að vinna með aðra þætti en þá sem félögin bjóða uppá í dag. Ber þar fyrst að nefna „mental training“. Verkefnastjóri fékk Sverri Ragnarsson frá Door training and Consulting að halda slíka þjálfun tvo fyrstu veturnar sem hann gerði, Pro Bono. Mikilvægt er einnig að halda uppi fræðslu um næringu og fleira. Afrekssvið ÍSÍ hefur á stefnuskrá sinni að auka þennan þátt sinnar þjónustu.

11.6 Styrkir og fjáröflun

Mikilvægasta einstaka málið er varðar keppnismenn er að bæta þeirra fjárhagslegu tækifæri til að vera afreksmenn. Staðan er mjög erfið í dag þar sem FSÍ borgar nánast aldrei neitt í kostnaði móta fyrir keppnismanninn þó svo að sambandið borgi oftast fyrir dómara og þjálfara sem að jafnaði er forsenda fyrir að geta keppt.

Mikill tími verkefnastjóra hefur farið í að reyna að fá styrktaraðila til að bæta þessa stöðu en þar ber helst að nefna að okkur tókst að fá Arion Banka til liðs við okkur síðastliðin tvö ár.

Fleiri fyrirtæki hefur verið reynt að nálgast en ekki orðið af samningum enn sem komið er.

Einn mikilvægasti þátturinn í að Arion gekk til liðs við okkur var samvinna okkar við gamlan fimleikamann, Þorvarð Goða Valdimarsson sem hefur verið að vinna með okkur að hugmynd um nýtingu samfélagsmiðla og að nýta grasrótina í hreyfingunni meira í stað þess að einblína á afreksfólkið. Þessi hugmyndafræði hugnaðist Arion fólkinu vel enda má segja að markhópur þess fyrirtækis sé að stórum hluta hinar ungu fjölskyldur landsins sem einmitt eiga börn í fimleikahreyfingunni.

Eitthvað hefur komið inn af minni styrkjum sem oftast en ekki hafa verið eyrnamerkir einstaklingum af hendi styrktaraðilans.

Verkefnastjóri hefur lagt fram tillögu um hvernig mætti styðja afreksmenn okkar sem byggt er á skema þar sem tekið er inn annars vegar aldur og hins vegar geta viðkomandi íþróttamanns (rakning). Eyrnamerkja þarf peninga til að gera þetta, svo íþróttamennirnir okkar mæti ekki afgangi í áætlanagerðinni.

Verkefnastjóri hefur fjallað um þessi vandamál afreksmanna okkar í ræðu og riti nú síðast í blaðagrein í Morgunblaðinu í haust.

Vinnuhópur á vegum stjórnar starfaði um fjármálin í vor og mun hópur halda áfram að vinna að þessu á komandi mánuðum.

11.7 Heilbrigðismál

Mikilvægt er að auka aðgengi afreksfólks okkar að sjúkrabjálfurum, sjúkranuddurum og öðrum heilbrigðisstétum. Bæði er varðar fyrirbyggjandi meðferð og einnig ef meiðsl eða slys verða.

Verkefnastjóri hefur unnið að samkomulagi við Atlas sjúkrabjálfun sem sérhæfir sig í íþróttafólki og einnig gert samkomulag við heimilislækni sem tengdur er hreyfingunni um að með hjálp viðkomandi stytta boðleiðir innan kerfisins svo hraðar gangi að komast í myndgreiningu og annað sem þarf. Hér er enn mikil vinna eftir og margt ófrágengið.

Gert í nóvember 2012

Davíð Ingason.

13. Skýrsla verkefnastjóra í hóp fimleikum

13.1 Inngangur

Undirbúningur Fimleikasambandsins (FSÍ) fyrir Evrópumeistaramótið 2012 hófst með ráðningu verkefnastjóra í nóvember 2011 þegar að undirrituð tók til starfa. Skýrsla þessi er unnin til að varpa skýrara ljósi á ferlið í heild sinni, það sem gekk vel og það sem betur má fara við undirbúning komandi stórmóta í hóp fimleikum.

Verkefnastjóri í hóp fimleikum hefur ekki starfað fyrir sambandið áður og því um tilraunaverkefni að ræða. Tækninefnd í hóp fimleikum (thf) og stjórn Fimleikasambandsins, ásamt fyrri framkvæmdastjóra unnu náið saman við að móta starfslýsingu sem allir hlutaðeigandi voru sáttir við.

Árið 2010 sendi FSÍ stúlknaðsliði til keppni á Evrópumeistaramót í Malmö í Svíþjóð, mikinn lærdóm mátti draga af því ferli sem haft var til hliðsjónar við skipulag þessa móts. Það sem einna helst var dregið fram og gagnrýnt var skortur á samskiptum við félagsþjálfara, því var lagt sérstaklega upp með það í öllu ferlinu að tryggja upplýsingarflæði til félaganna og félagsþjálfara.

13.2 Myndun úrvalshópana

Vinnan við að mynda úrvalshópana var hafin og ákveðið að boða til opinna æfingar 28. nóvember. Til þess að iðkendur hefðu tíma til að ná tökum á þeim æfingum sem settar voru fram sem lágmarkskröfur, var sent út skjal þar allar kröfur komu fram 4 vikum fyrir opnu æfinguna. Skráning á æfinguna fór fram á heimasíðu sambandsins og þurftu iðkendur að fylla út skjal þar sem fram kom hvaða stökk þeir ætluðu sér að framkvæma. Gólfæfingar sem allir þátttakendur framkvæmdu á æfingunni voru settar á heimasíðuna.

Gólfæfingarnar voru búnar til af Hrafnhildi Maríu Gunnarsdóttur og Peter Larsson í samvinnu við verkefnastjóra, þau dönsuðu líka á upptökunum fyrir heimasíðuna. Hrafnhildur var verkefnastjóra mikið bakland þegar þessi vinna var í gangi og tók sér mikinn tíma í að velta fyrir sér hlutunum, hvernig mætti bæta þá og hvernig framsetningin kæmi til með að nýtast iðkendum sem best.

Mæting á æfinguna var mjög góð, 103 einstaklingar frá 6 félögum mættu og gáfu þar með kost á sér í verkefnið. 11 dómarar og þjálfarar mættu á æfinguna og hjálpuðu til við matið sem var mjög einfalt og gegnsætt. Félagsþjálfarar mættu með sínum iðkendum og verkefnastjóri var búin að skipta öllum í hópa eftir því hvaða stökk þeir ætluðu að framkvæma. Strákar voru settir í sér hópa þar sem gólfæfingin var ekki sú sama fyrir þá og stelpurnar.

Æfingin gekk mjög vel fyrir sig, dagurinn var langur og strangur fyrir dómara en best var að klára þetta af á einum degi þar sem við fengum aðstöðuna í Stjörnunni lánaða og mesta sanngirnin fólgin í því að allir keyrðu sínar æfingar á sömu áhöldum.

Í byrjun febrúar mynduðu verkefnastjóri og thf hópana þrjá, 75 einstaklingar í heildina. Áður en að hóparnir voru gerðir opinberir var leitað eftir umsögn félagsþjálfara, hvort að viðkomandi einstaklingur væri að æfa og hvort að hann væri tilbúin í verkefnið. Þegar mat þjálfaranna lá fyrir, var haft samband við foreldra unglingahópanna og þeir boðaðir á foreldrafund þar sem farið var yfir verkefnið, kostnað og foreldrum afhent staðfestingarskal

til undirritunar. Í fullorðinsflokki var haft beint samband við iðkendur, þeim sendur glærupakkinn og þeir beðnir um að staðfesta hvort þeir gæfu kost á sér í verkefnið. Þegar hópurinn hittist í fyrsta skipti var meðlimum afhent staðfestingarskal til undirritunar sem síðan var skilað inn á skrifstofu sambandsins.

Áður en að verkefnastjóri hitti foreldrana, var boðað til fundar með formönnum/framkvæmdarstjórum félaganna. Þar var farið yfir kostnaðarskiptasamninginn sem samþykkt var að gera á formannafundi. Tvö félög ákváðu að borga upphæðina fyrir sína félagsmenn, en hin þrjú að innheimta upphæðina beint frá sínum iðkendum og koma henni til Fimleikasambandsins.

- Þegar horft er til framtíðar er mikilvægt fyrir okkur að hugsa verkefnið sem Fimleikasambandsverkefni að öllu leiti. Því er brýnt að leita leiða strax til að fjármagna verkefni af þessari stærðargráðu, til að tryggja það að iðkendur greiði ekki fyrir landsliðspjálfun heldur liggi sá kostnaður hjá sambandinu.
- Á foreldrafundinum var farið sérstaklega yfir þær dagsetningar sem landsliðshópurinn yrði myndaður og foreldrum gert grein fyrir því að liðin yrðu valin með ákveðnum hætti. Björn Björnsson kom og fór yfir til hversu marga þætti þarf að tala tillit til og útskýrði fyrir foreldrum að ekki væri alltaf hægt að skoða stökkin sem viðkomandi gerir heldur hvernig fimleikamaðurinn tengist heildinni sem verið er að mynda. Mikið var lagt upp úr því að foreldrar hjálpuðu börnunum sínum að skilja valið ef sú staða kæmi upp að þeirra barn kæmist ekki í hópinn.

Í byrjun mars lá fyrir að félagslið Íþróttafélagsins Gerplu yrði landslið Íslands í kvennaflokki. Þegar það lá ljóst fyrir, var hafist handa við ráðningu landsliðspjálfa. Stöðurnar voru auglýstar til umsóknar á heimasíðu sambandsins sem og að póstur þess efnis var sendur á aðildarfélögin. Umsóknarfrestur rann út 10. mars og fóru verkefnastjóri og tengiliður landsliðanna í thf, Auður Inga Þorsteinsdóttir, yfir allar umsóknir og skipuðu í stöðurnar. Þjálfararnir skrifuðu undir samning þann 18. mars og samþykktu þar með starfslýsingu landsliðspjálfa.

Landsliðspjálfarar voru eftirfarandi:

Stúlknalið:

Niclaes Jerkeholt

Hrafnhildur María Gunnarsdóttir

og Stella Rósenkranz

Blandað lið unglunga:

Olga Bjarnadóttir

Sigrún Ýr Magnúsdóttir

og Yrsa Ívarsdóttir

Blandað lið fullorðinna:

Birgir Björnsson

Alice Flodin

Kvennalið:

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Bjarni Gíslason

Björn Björnsson

og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

- Landsliðþjálfararnir okkur unnu í einu orði sagt frábæra vinnu, þeir voru faglegir í öllu ferlinu, frá upphafi til enda. Mikill mannauður hefur orðið til hjá Fimleikasambandinu á undanförnum árum og skilaði hann frábæru starfi í alla staði. Samvinna þjálfara var með eindæmum góð, samvinna liða var líka til fyrirmyndar. Allir voru boðnir og búnir til að hjálpa hver öðrum og leggja sitt lóð á vogaskálarnar til að hámarka árangur Íslands á mótinu. Ásýnd íslenkra fimleikaliða á mótinu var eins og best verður ákosin og skilaði óeigingjarnt starf þjálfaranna sér í frábærum árangri, ógleymanlegri upplifun og umfram allt veganesti fimleikum til heilla í framtíðinni.

- Reynslan af þessu móti sýndi okkur að þrír þjálfarar eru algjört lágmark þegar unnið er með svona stóra hópa af keppnisfólki sem er að keppa tvo daga í röð. Blandaða liðið lenti í vandræðum þegar upp komu meiðsli í æfingasalnum og Kim var upptekinn í keppni með unglingaliðinu. Eins er mikið álag á þjálfurum í svona ferð, þar sem hver mínúta fer í skipulag og fundi þegar ekki er verið að gefa af sér til að lágmarka streitu og utanaðkomandi vangaveltur keppenda. Því mikilvægt að geta deilt ábyrgð og umönnunnar hlutverki á milli þriggja aðila. Eins ber að nefna mikilvægi þess að hafa þrjá þjálfara í æfingarferlinu fram að móti, þá er engin hætt á að æfing falli niður vegna veikinda þjálfara eða aðstæðna sem komið geta upp. Samtalið sem verður til á milli þriggja aðila á undirbúningstímabili er einnig mjög mikilvægur þáttur til að hámarka árangur og upplifun keppenda á mótinu sjálfu.

- Móttökupjálfi sem nýttist blönduðu liðunum var Kim Fisher. Mikil ánægja var með hans störf og stóð hann vaktina með miklum sóma sem nýttist bæði þjálfurum og keppendum vel. Kim hefur mikla reynslu af mótum af þessari stærðargráðu og var hann dýrmæt viðbót við þjálfarateymið okkar.

Skipulag mótshaldara bauð ekki upp á að þjálfarar væru samnýttir eins og við vorum að gera og lentu mörg lönd í sambærilegum vandræðum með sína móttökupjálfara, þar sem upphitun og keppni unglinga og fullorðinsflokka fór fram á sama tíma. Verkefnastjóri kom þessum skilaboðum til UEG og vissu þau af vandamálinu en ekkert var hægt að gera í málinu þar sem að skipulagið hafði verið sent út að þátttökupjóðir áður en að UEG var búin að yfirfara tímaplanið. Af þessu komu einnig upp annars konar vandræði eins og samnýting á trampólínum. Blönduðu liðin okkar voru með sama trampólín með í för og gat fullorðinsliðið okkar ekki hitað upp á sínu trampólíni þar sem að unglingaliðið var að nota það í keppni á sama tíma. Til þess að koma í veg fyrir að þessi aðstaða komi upp þá er mun vænlegra fyrir alla að gamla keppnisfyrirkomulagið verði notað í keppni sem þessa, þar sem að eitt áhald var hitað upp og svo keppt áður en að upphitun fór fram á næsta áhaldi.

13.2.1 Myndun landsliðsshópana

Eftir að landsliðsþjálfarar tóku til starfa þá sáu þeir um að skipuleggja æfingar, ákveða æfingartíma og í flestum tilfellum fengu þeir aðstöðu fyrir æfingarnar að láni sjálfir. Verkefnastjóri var með í ferlinu, sendi pósta á foreldra og upplýsti þá um ferlið, eins var hann þjálfurum innan handar við að finna aðstöðu ef þurfti.

Allir hóparnir fóru í æfingarbúðir yfir sumartímamann til að þetta iðkendur saman og skapa góðan liðsanda. 25. ágúst hittu hóparnir Dr. Viðar Halldórsson og verkefnastjóri fór yfir dómaraþingarnar með iðkendum og bauð áhugasömum foreldrum að mæta líka. Daginn eftir var síðasta keyrsla úrvalshópanna, þar sem að dómaraþingarnar mættu á svæðið á gáfu þjálfurum punkta áður en að hóparnir voru skornir niður í fjórtán manna landslið. Landsliðshóparnir voru kynntir 1. september.

- Fyrir næsta verkefni þarf að tryggja það að hóparnir samanstandi af sextán einstaklingum en ekki fjórtán eins og nú var lagt upp með. Alltaf geta komið upp meisli og auðveldara er að mæta slíkum skakkaföllum með breiðari hópi fimleikafólks. En jafnframt að það sé ljóst frá upphafi að aðeins 2 af þessum 16 þurfa að fylgjast með mótinu úr stúkunn.

Þegar að landsliðsþjálfarar höfðu valið landsliðin og skilað nöfnum til verkefnastjóra þá hófst hann handa við að hringja í alla þá sem ekki náðu inn í landslið að þessu sinni. Þjálfarar blandaðs liðs fullorðinna völdu hins vegar að hringja sjálf í sína iðkendur sjálfir.

- Sú ákvörðun að hringja í alla þá sem ekki komumst í hópinn var mjög góð, það að geta þakkað iðkendum fyrir þeirra framlag til verkefnisins var mikils virði. Eftir á að hyggja þá var það í raun betri framkvæmd að þjálfararnir hringdu fréttirnar út í sinn hóp eins og blandaða liðið gerði. Sú vinna skilaði betri enda á þátttöku í úrvalshópnum um leið og hún byggði upp traust á milli iðkenda og þjálfara sem kom sér mjög vel þegar að kalla þurfti inn einstakling vegna meiðsla seinna í ferlinu.

Nú var loka undirbúningur hafinn. Hann fól í sér langar og strangar dansæfingar ásamt stökkæfingum hjá hverjum hópi fyrir sig. Verkefnastjóri skipulagði tvær keyrslur fyrir hópana á tímabilinu og var áhorfendum boðið á fyrri keyrsluna sem fór fram í Ásgarði í Garðabæ. Um 600 manns mættu á keyrsluna sem var bæði fyrir landsliðin í hóp fimleikum og áhaldafimleikum. Viðburðurinn varð að mikilli fimleikaveislu þar sem allt okkar besta fimleikafólk var samankomið og var mikill vilji til að endurtaka í nánustu framtíð.

Áður en að fyrri keyrslan hófst fengu keppendur keppnisgallana sína afhenda frá Fimleikum ehf. og liðspeysuna frá 66°norður. Mikil ánægja ríkti hjá keppendum bæði með keppnisgallann og peysuna. Á seinni keyrslunni sem fram fór í Versölum í Kópavogi fengu keppendur afhenda tösku með upphitunar og æfinga klæðnaði frá Under Armor. Fjölmíðlar voru boðaðir á æfinguna og var mjög gaman fyrir hópinn að finna fyrir miklum áhuga hjá þeim fyrir mótinu og fara í viðtöl bæði í sjónvarpi og hjá prentmiðlum.

- Skipulag varðandi fatnað hefði getað verið betra hjá verkefnastjóra. Markmið hans var að hafa allar töskurnar tilbúna á nafni hver keppanda þegar að hann gengi inn í salinn en það náðist því miður ekki og hjálpuðu keppendur honum við að raða restinni upp fyrir myndatöku. Verkefnastjóri velti einnig fyrir sér hvort að afhending á fatnaði ætti að fara

fram á öðrum tíma en ákvað eftir miklar vangaveltur að óþarfi væri að bæta við dögum í hitting hjá keppendum og þjálfurum þar sem að mikið álag var á öllum á endasprettinum og gott að geta samnýtt þá daga sem þegar voru skipulagðir í hitting.

- Skipulag í kringum fjölmiðla hefði einnig getað verið mun betra. Tilvalið hefði verið að verkefnastjóri hefði útbúið skal með helstu upplýsingum um greinina, mótið og keppendur til að afhenda fjölmiðlamönnum á staðnum. Með því móti hefði verið hægt að koma í veg fyrir ákveðna upplausn sem varð á staðnum þegar að fjölmiðlar fóru í gang við að fá keppendur í viðtöl og hefði einnig tryggt að ákveðnir þættir sem draga mátti fram í aðdraganda mótsins hefðu komið betur fram.

Nánari útlistun á æfingarferlinu, niðurskurði á úrvalshópum og hverju þarf að huga að til framtíðar út frá þjálfunarsjónarmiðum, má sjá í skýrslun landsliðsþjálfara.

13.3 Sjúkraþjálfari og fararstjóri

Sjúkraþjálfari í ferðinni var Kristín Gísladóttir. Hún reyndist keppendum mjög vel og var mikil ánægja með hennar störf. Kristín vann nánast allan sólarhringinn og lagði sig alla fram við að tryggja velferð keppenda, bæði í upphitun og keppni. Eins var hún að fram á kvöld við að veita einstaka keppendum, sem áttu við eymsli að stríða, meðferð á hótelinu. Hennar framlag var gríðarlega mikilvægt og voru keppendur og þjálfarar henni mjög þakklátir fyrir hennar vinnu. Svo tók hún líka að sér að vera stuðningsmaður númer eitt í keppnishöllinni og hafði mikil áhrif á liðin okkar með sinni einstöku nærveru sem hreif alla með sér.

